




UMFERÐARSÖRYGGISÁÆTLUN

DALVÍKURBYGGÐAR

2018-2022

Desember 2017



Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Staða og greining	3
3	Hraði.	4
4	Umferð	4
5	Slys 2012-2016.....	4
6	Gönguleiðir skólabarna	7
7	Markmið og áherslur	7
8	Íbúafundur vegna umferðaröryggisáætlunar Dalvíkurbyggðar 15. október 2015.....	8
9	Áætlun og forgangsröðun.....	8
10	Stöðumat	9
11	Fylgiskjöl.....	10
	Fylgiskjal 1 Úttekt og skýrsla Vegagerðarinnar.....	10
	Fylgiskjal 2 Bréf til hagsmunaaðila.....	23
	Fylgiskjal 3. Íbúafundur vegna umferðaröryggisáætlunar Dalvíkurbyggðar 15. október 2015	24
	Fylgiskjal 4. Könnun á gönguleiðum skólabarna	28
	Fylgiskjal 5. Samantekt á könnun í grunnskóla Dalvíkur.....	30



1 Inngangur

Sveitastjórn Dalvíkurbyggðar samþykkti á fundi sínum 17.2.2015 að gerð yrði umferðaröryggisáætlun fyrir sveitarfélagið.

Ákveðið var að ráðast í gerð umferðaröryggisáætlunar fyrir Dalvíkurbyggð til þess að auka umferðaröryggi og auka samráð við íbúana um þetta málefni. Vinna við áætlunina hófst í byrjun árs með því að skipaður var vinnuhópur sem hefur umsjón með gerð áætlunarinnar. Vinnuhópin skipa; Börkur Þór Ottósson, Valur Þór Hilmarsson, Guðrún Anna Óskarsdóttir, Helga Íris Ingólfssdóttir og Friðrik Vilhelmsson.

Auk þeirra var leitað til eftirfarandi fagaðila:

Lögreglan	Felix Jósafatsson
Vegagerðin	Erna Hreinsdóttir
Samgöngustofa	Sigurður Helgason

Verkefnisstjóri Umferðaröryggisáætlunar fyrir Dalvíkurbyggð er Valur Þór Hilmarsson, umhverfisstjóri, valur@dalvikurbyggd.is, sími: 844 0220

Vegagerðin lét gera sérstaka úttekt á þjóðvegnum í gegnum þéttbýli í sveitarfélaginu. Sú úttekt og hugmyndir að úrbótum voru unnar í samvinnu við sveitarfélagið. Sjá fylgiskjal 1.

2 Staða og greining

Verkefnastjóra var falið að gera úttekt á umferðarmerkingum af öllu tagi í þéttbýliskjörnunum í Dalvíkurbyggð og koma með tillögur til úrbóta. Farið var um Dalvík, Árskógssand og Hauganes og gerð frumskoðun á umferðarmálefnum staðanna. Teknar voru ljósmyndir sem sýna flesta þá staði sem skoðaðir voru. Tillögur að úrbótum eru ekki tæmandi, því lengi má finna eitthvað sem lagfæra þarf, eða má betrubæta. Lagfæringar á umferðarmerkjum hafa verið gerðar skv. þessari úttekt. Sambærilega úttekt þarf að gera reglulega.

Auk tillagnanna um úrbætur á vegum, gangstéttum og göngustígum eru ábendingar frá íbúum sem fengust m.a. eftir íbúafund sem haldinn var í menningarhúsinu Bergi á Dalvík 15. október 2015

Með bréfi til félagasamtaka og skóla auglýsingu í fjölmiðlum og á heimasíðu Dalvíkurbyggðar var óskað eftir ábendingum í tengslum við umferðaröryggi í sveitarfélaginu. Bréfið má sjá í fylgiskjali 2. Segja frá fundum með skíðafélagi, skóla, og fl.

Íbúafundur var haldinn í Menningarhúsinu Bergi til að afla upplýsinga og fá tillögur frá íbúum. Frá Samgöngustofu, lögreglu og Vegagerðinni var aflað tölfraðilegra upplýsinga til notkunar við úrvinnslu áætlunarinnar. Vettvangsferðir voru farnar til að afla upplýsinga um núverandi stöðu gatnamerkinga.



3 Hraði.

Vegagerðin lét mæla hraða á þjóðveginum í Dalvík sumarið 2015. Mælt var við Olís, við Hafnarbraut 21, norðan við lögreglustöð og við Sæplast.

Mælingastaður	Meðalhraði [km/klst]	Mesti hraði [km/klst]
Við Olís	56,3	82
Við Hafnarbraut 21	41,6	64
Norðan við lögreglustöð	47,4	70
Við Sæplast	52,2	73

Leyfilegur hámarkshraði er 50 km/klst. Meðalhraði er í kringum leyfilegan hámarkshraða en ljóst er að einstaka ökumenn aka of greitt um bæinn.

4 Umferð

Umferð á Hringvegi um Dalvík árið 2016 var eftirfarandi (eining bílar/sólarhring):

Vegkafli	Upphafspunktur	Endapunktur	ÁDU	SDU	VDU
82-03	Hauganesvegur (809-01)	Dalvík, barnaskóli	1368	1887	997
82-04	Dalvík, barnaskóli	Dalvík, Brimnesá	3155	3788	2781
82-05	Dalvík, Brimnesá	Gangnamunni eystri	646	955	439
805-01	Svarfaðardalsvegur	Ólafsfjarðarvegur (83-03)	434	568	336

ÁDU ársdagsumferð, meðalumferð á dag yfir árið

SDU sumardagsumferð, meðalumferð á dag mánuðina júní, júlí, ágúst og september

VDU vetrardagsumferð, meðalumferð á dag mánuðina janúar, febrúar, mars og desember

5 Slys 2012-2016

Samkvæmt tölum frá Samgöngustofu eru flest slys í Dalvíkurbyggð skráð sem "Engin slys á fólki" meiðslastig 4. Slysatölur áranna 2012 til 2016 sýna eftirfarandi niðurstöður: Skráð eru 105 slys.

Slysastaðir

- 36 slys áttu sér stað á Dalvík
- 0 slys áttu sér stað á Árskógssandi
- 0 slys áttu sér stað á Hauganesi
- 8 slys áttu sér stað á Svarfaðardal
- 2 slys áttu sér stað á Hauganesvegi
- 39 slys áttu sér stað á Ólafsfjarðarvegi (82-01), sunnan Dalvíkur
- 20 slys áttu sér stað á Ólafsfjarðarvegi (82-01), norðan Dalvíkur


Skipting slysanna:

- 3 banaslys hafa orðið á þessu tímabili á þjóðvegi
- 3 slys með meiðslastig 2
- 21 slys með meiðslastig 3
- 78 slys með meiðslastig 4




Tegund slysa, skýringar:


- Banaslys
- Alvarleg slys
- Slys með litlum meiðslum
- Óhapp án meiðsla



Slysakort: Dalvík, 2012-2016



Slysakort: á og við Ólafsfjarðarveg, 2012-2016



Slysakort: öll slys í Dalvíkurbyggð, 2012-2016

Norðurland eystra	Banaslys	Alvarleg slys	Slys með litlum meiðslum	Óhöpp án meiðsla	Samtals slys og óhöpp	Látnir	Alvarlega siasaðir	Litlir siasaðir	Siasaðir samtals
Akureyri	0	7	43	183	233	0	7	58	65
Grenivík	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Grímsey	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Árskógssandur	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Svalbarðseyri	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Dalvík	0	2	1	3	6	0	2	1	3
Ólafsfjörður	1	0	1	5	7	1	0	2	3
Húsavík	0	0	2	13	15	0	0	2	2
Laugar	0	0	0	1	1	0	0	0	0
Reykjahlíð	0	0	0	1	1	0	0	0	0
Kópasker	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Raufarhöfn	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Þórshöfn	0	0	0	3	3	0	0	0	0
Bakkafjörður	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Norðurland eystra utanbæjar	1	10	41	103	155	1	13	66	80
Norðurland eystra samtals	2	19	88	312	421	2	22	129	153

Fjöldi slysa á norðurlandi eystra 2016 (Samgöngustofa 2016)



6 Gönguleiðir skólabarna

Gerð var könnun á gönguleiðum skólabarna í Dalvíkurskóla og Árskógarskóla árið 2015. Farið hefur verið yfir niðurstöður könnunar og atriði hafa endað í aðgerðaáætlun ef ástæða þótti til. Sjá samantekt fylgiskjal 4.

7 Markmið og áherslur

Markmiðið með áætluninni er að auka öryggi allra þeirra sem ferðast um í sveitafélaginu.

- Stefnt er að fækkun óhappa og slysa í umferðinni og greiðari umferð.
- Ökumenn á ökutækjum í eigu Dalvíkurbyggðar verði ávallt til fyrirmyndar í umferðinni.
- Sérstök áhersla verði lögð á aðgerðir í þágu óvarinna vegfarenda, þ.e. gangandi og hjólandi.
- Umhverfi skóla, leikskóla, félagsmiðstöðva og íþróttamannvirkja verði metið sérstaklega með tilliti til umferðaröryggis.
- Áhersla verði lögð á að umferðarmerkingar verði stórbættar.
- Gangstéttar verði lagfærðar.
- Almenn umferðarfræðsla fyrir alla aldurshópa verði stórefld og ábyrgð og samkennd aukin hjá íbúum bæjarins.

Við endurskoðun umferðaröryggisáætlunarinnar verður árangur þessara markmiða metinn.

Nauðsynlegt er að fá íbúa til að vinna að umferðaröryggi á allan þann veg sem mögulegt er með því að:

- Tryggja umferðarfræðslu í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins. Koma á samstarfi kennara skólanna um skipulagða umferðarfræðslu. Æskilegt er að fá foreldra að slíkri fræðslu t.d. er varðar notkun öryggisbelta og farsíma. Umferðarfræðslan fari fram samhliða Samgönguviku.
- Samráð við eldri borgara varðandi umferðaröryggi.
- Hvetja íbúa til að huga að sínu nánasta umhverfi. Íbúarnir sjái það bera árangur að koma skoðunum sínum á framfæri við bæjaryfirvöld.
- Vekja athygli á öllum breytingum sem sveitarfélagið er að gera eða hyggst gera.
- Starfsmenn sveitafélagsins lagfæri jafnóðum umferðarmerki sem skemmast eða aflagast.



8 Íbúafundur vegna umferðaröryggisáætlunar Dalvíkurbyggðar 15. október 2015

Ákveðið var að blása til íbúafundar í Bergi þann 15. október til þess að ná fram samvinnu við íbúana og fá hugmyndir frá þeim. Fundurinn fór þannig fram að fyrst kynnti Valur Þór verkefnið almennt og síðan var farið að vinna í hópum. Fjórar stöðvar voru myndaðar á mismunandi borðum og fundarmenn gátu flakkað á milli að vild. Hvert borð hafði skilgreint umfjöllunarefni og þau voru eftirfarandi:

- Borð 1 í Snjómokstur
- Borð 2 í Merkingar og hraðahindranir
- Borð 3 í Gangbrautir, gönguleiðir og lýsing
- Borð 4 í Dreifbýli

Niðurstöur fundarins má sjá í fylgiskjali 3.

Farið var yfir allar ábendingar og þær bornar undir hlutaðeigandi eins og t.d. lögreglu, samgöngustofu eða Vegagerðina. Margar þeirra enduðu í aðgerðarlista, sjá kafla 9.

9 Áætlun og forgangsöröðun

Á meðan á vinnu við umferðaröryggisáætlun stóð var þegar hafist handa við ýmis verkefni. Gerðar hafa verið þrengingar á Skíðabraut til að draga úr hraða og eru þær hluti af stærra verkefni þar sem lagfæra á beygju á þjóðveginum við Grundargötu. Hönnun mun liggja fyrir vorið 2018. Vegamótum Mímisvegur og Skíðabrautar hefur verið breytt og fyrirhugað er að endurnýja gangstétt við Hafnarbraut. Blikkljós hafa verið sett upp við aðkomur að Dalvík sem sýna hraða ökumanna. Allar aðgerðir á og við þjóðvegi eru unnar í samvinnu við Vegagerðina.

Staðsetning	Aðgerð	Forgangur
Gangbrautir	Merkja allar sebrautir með gangbrautarmerkjum og huga að lýsingu	1



Gangstéttar	Gera áætlun um niðurtektir á gangstéttum og vinna markvisst að því að framkvæma eftir henni	1
Þjóðvegur	Tryggja þarf gönguleiðir meðfram þjóðveginum. Samstarf við Vegagerðina.	3
Aðkomur að þéttbýli	Sett verði upp þéttbýlishlið, þar sem hraði er lækkaður niður í 50 km/klst. Samstarf við Vegagerðina.	2
Aðkoma að Dalvík úr norðri	Fækka tengingum. Samstarf við Vegagerðina.	2
Við Sjávarbraut, aðkoma að höfn	Lagfæra, þannig að stórir bílar eigi auðvelt með að komast að og frá höfninni.	4
Biðstöðvar fyrir almenningssvagna	Nýjar biðstöðvar í Dalvík, ath. biðstöð á Árksógssandi í samvinnu við Strætó bs og Vegagerðina.	2
Vegamót við Karlsrauðatorg og Hafnarbraut	Loka tengingu að höfn. Samstarf við Vegagerðina.	2
Gangbrautir á þjóðvegum	Setja miðeyju á fjölförnustu gangbrautirnar, sjá skýrslu Vegagerðarinnar. Samstarf við Vegagerðina.	1
30 km hverfi	Afmarka hverfin með áberandi hliðum	4
Sunnutún, aðkoma að höfn	Lagfæring á vegamótum og afmörkun vegar að ferju. Samstarf við Vegagerðina.	2
Vegamót Svarfaðardalsvegar	Lagfæring á vegamótum og hliðarsvæðum. Samstarf við Vegagerðina.	2
Baldurshagi	Afmörkun á göturými	3
Flæðavegur	Biðskylda	1
Mýrargata	Biðskylda	1
Athafnasvæði við Olís	Stækka þannig að henti fyrir stóra bíla. Samstarf við Vegagerðina og lóðarhafa.	2
Mímisvegur	Bílastæði og aðkoma að skóla	3
Klemman	Slá framan við inngang	2
Mímisvegur, við skóla	Setja upp skilti sem vara við að börn séu á svæðinu	1
Íbúahverfi	Gerð áætlunar varðandi umferðaröryggi þ.m.t. gönguleiðir.	1
Skíðabraut, Hafnarbraut, Grundargata	Lagfæring á beygju og vegamótum. Samstarf við Vegagerðina.	1
Karlsbraut	Snúningshaus í enda botnlanga að norðan.	4
Gunnarsbraut	Afmarka aflagt þvottaplan frá þjóðvegi.	3

10 Stöðumat

Fyrirhugað er að endurskoða umferðaröryggisáætlun á að lágmarki fjögurra ára fresti.



11 Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 Úttekt og skýrsla Vegagerðarinnar.

MINNISBLAÐ

Verk: Ólafsfjarðarvegur (82-04)
Málefni: Umferðaröryggi á Dalvík
Dags.: Ágúst 2012
Frá: EBH
Dreifing: GH, KK

Óskað var eftir tillögum frá Veghönnunardeild sem myndu leiða til minni hraða og aukins umferðaröryggis á Dalvík. Myndir voru teknar í vettvangsferð í október 2011, þá fór undirrituð einnig á fund Þorsteins Björnssonar, sviðsstjóra Umhverfis- og tæknisviðs Dalvíkurbyggðar. Fyrstu tillögur voru kynntar á fundi með bæjarstjóra Dalvíkur, tæknimönnum sveitarfélagsins, nefndarmönnum og fulltrúa NA-svæðis Vegagerðarinnar þann 26. júní 2012. Í skýrslu þessari hefur verið tekið tillit til athugasemda fundarmanna. Tillögur sem settar er fram hér eru fyrst og fremst hugsaðar sem umræðugrundvöllur fyrir bættu umferðaröryggi og flæði umferðar.

**Hraði**

Hraðamælingar liggja ekki fyrir.

Umferð á Hringvegi um Dalvík árið 2010 var eftirfarandi
(eining bílar/sólarhring):

Vegkafli	Upphafspunktur	Endapunktur	ÁDU	SDU	VDU
82-03	Hauganesvegur (809-01)	Dalvík, barnaskóli	1168	1503	931
82-04	Dalvík, barnaskóli	Dalvík, Brimnesá	2686	3007	2593
82-05	Dalvík, Brimnesá	Gangnamunni eystri	453	607	325
805-01	Svarfaðardalsvegur	Ólafsfjarðarvegur (83-03)	369	451	314

ÁDU ársdagsumferð, meðalumferð á dag yfir árið

SDU sumardagsumferð, meðalumferð á dag mánuðina júní, júlí, ágúst og september

VDU vetrardagsumferð, meðalumferð á dag mánuðina janúar, febrúar, mars og desember

Slys

Slysátíðni er skilgreind sem fjöldi slysa á milljón ekinna km. Meðaltal slysátíðni árána 2005-2009 er 1,41 á vegi 82-04 en er 1,92 fyrir öll þéttbýli á landinu utan höfuðborgarsvæðisins. Eftirfarandi myndir sýna skráð slys á árunum 2007-2011.

- Engin meiðsl
- Lítil meiðsl
- Mikil meiðsl







Almennt



Yfirlitsmynd yfir veg 82-04 um Dalvík. Fjallað verður um vegkafla/vegamót úr norðri (vinstri á myndinni) til suðurs.

Umferð hefur aukist með tilkomu Héðinsfjarðarganga. Æskilegt er að skoðað verði til hlýtar hvort möguleiki sé á nýjum vegi fyrir ofan byggðina. Að auka umferðaröryggi í þéttbýli felst oftast en ekki í að fækka tenginum við aðalveginn, gera breytingar á gatnamótum og að gera fáar en öruggar gönguþveranir yfir veginn. Jafnframt þarf að girða fyrir staði þar sem sérlega óæskilegt er að gangandi þveri veg.

Hér eru lagðar fram tillögur til að auka umferðaröryggi og jafnframt greiðfærni í gegnum bæinn. Stuðst er við leiðbeiningar Vegagerðarinnar um þjóðvegi í þéttbýli. Áhersla er lögð á auka öryggi gangandi vegfarenda. Miðeyja á gangbraut gerir það að verkum að gangandi vegfarandi þarf aðeins að fara yfir eina akrein í einu og getur beðið í vari á eyjunni áður en hann fer yfir næstu akrein. Jafnframt hefur eyjan þau áhrif á ökumenn að þeir lækka hraða. Ljóst er að lausnir krefjast virkrar þátttöku sveitarfélagsins.



Gönguleiðir

Tryggja þarf gönguleiðir meðfram þjóðveginum og yfir hann. Í eftirfarandi tillögum er gengið út frá núverandi staðsetningu gangbrauta/gönguþverana. Æskilegt er að kortleggja gönguleiðir eða að staðkunnugir segi til um hvort breytingar á staðsetningu gönguþverana séu æskilegar.

Gangbraut skal merkja með umferðarmerkjum.

Núverandi gangstétt meðfram veginum endar norðan við bensínstöð að sunnanverðu og við brú að norðanverðu. Framlengja þarf göngustíg, utan öryggissvæðis vegarins, að lágmarki út fyrir ystu hús.

Aðkoma úr norðri

Mælt er með að sett verði upp svo kallað þéttbýlishlið, þar sem hraði er lækkaður niður í 50 km/klst nær hinu eiginlega þéttbýli þannig að ökumaður skynji breytingu á umhverfinu samhliða breytingum í hraðatakörkunum. Margar tengingar eru við þjóðveginn norðan brúar (sjá mynd hér að neðan). Fækka þarf tenginum. Staðsetning hliðsins þarf að vera utan við þessar tengingar. Tryggja þarf að veglýsing nái út fyrir þéttbýlishlið.




Með þessu móti færir 50 km hraðatakörkunin tæpa 300 m nær þéttbýlinu en á þeim 300 m er aðeins ein tenging við þjóðveginn og því fátt í umhverfinu sem gefur ökumanni til kynna að honum beri að lækka hraða.



Útfærsla þéttbýlishliðs yrði skv. leiðbeiningum Vegagerðarinnar um þjóðvegi í þéttbýli:

SKILTÍ VÍÐ ÞÉTTBÝLISHLIÐ ERU STAÐSETT 250mm FRÁ VEGÖXL, EN ÞÓ ALDREI NÆR AKREINABRÚN EN 750mm.



Sambærileg hlið hafa þegar verið sett upp á nokkrum stöðum á landinu t.d. á Laugarvatni:





Við Ránarbraut, aðkoma að höfn

Ránarbraut er önnur helsta aðkoma að hafnarsvæðinu. Lagfæra þarf vegamót þjóðvegur við Ránarbraut þannig að stórir bílar eigi auðvelt með að komast að og frá höfninni. Á tillögunni hefur verið settur inn dropi í Ránarbraut skv. staðaltekningu Veghönnunardeildar Vegagerðarinnar. Eins og sjá má á myndinni er jafnframt gerð tillaga að lokun tveggja tenginga við þjóðveginn.



Vegamót við Karlsrauðatorg og Norðurbraut

Núverandi aðstæður:

- Vegamót þessi eru kross-vegamót án umferðarljósa. Slík vegamót eru talin óheppileg m.t.t. umferðaröryggis.
- Akstur frá höfn að þjóðvegi er bannaður.
- Vegamótin eru undir um 62° horni en æskilegt er að hornið sé á bilinu 70°-110°.
- Aðkoman að höfninni í miklum halla og vegsýn skert.
- Innkeyrsla að íbúðarhúsi, Karlsrauðatorgi 4, er í miðjum vegamótunum.
- Enn er leiðin að ferjunni til Grímseyjar merkt við þessi vegamót en hún er nú formlega um Sunnutún og Martröð.





Hér verða settar fram nokkrar tillögur til úrbóta. Ítrekað er að um frumdrög er að ræða, ekki hönnun.



Tillaga 1


Aðstæður myndu batna til muna ef loka mætti tengingu við hafnar-svæðið. Aðkoma að höfninni yrði þá einungis um Ránarbraut og Sunnutún en þar á milli eru um 740 m. Þetta er ódýr aðgerð og öryggi mun aukast til muna. Loka þarf núverandi innkeyrslu að Karlsrauðatorgi 4.

Á gangbraut sunnan vegamótanna er komið fyrir miðeyju, gangbrautina mætti færa norðar.



Tillaga 2


Gerð er tillaga að fjögurra arma hringtorgi. Tillaga þessi er sett fram fyrst og fremst til að sýna fram á rýmisþörf hringtorgs. Æskilegt er að ytra þvermál hringtorgs á þjóðvegum sé 43 m, í þessari tillögu er þvermálið 40 m. Umferðaröryggi og vegsýn mun aukast skv. þessari tillögu en hún gengur nærri tveimur íbúðarhúsum og liggur yfir aflagða bensínstöð. Loka þarf þremur götum sem og innkeyrslu að Karlsrauðatorgi 4.





Tillaga 3

Á fundi á Dalvík í júní 2012 var óskað eftir að þessi tillaga væri skissuð upp. Færsla vegarins skv. þessari hugmynd yrði hlutfallslega dýr miðað við ávinning. Loka þarf aðkomu að höfn og núverandi innkeyrslu að Karlsrauðatorgi 4.





Samantekt

Út frá umferðaröryggi, flæði umferðar og hagkvæmni er mælt með tillögu 1.

Kirkjuvegur

Kirkjuvegur er með 30 km/klst hámarkshraða. Mælt er með að útbúin verði svo kölluð 30 km hlið þar sem vakin er sérstök athygli á breytingu á hámarkshraða. Sérstaklega er mælt með útfærslu Reykjavíkurborgar. Gangbraut er yfir þjóðveginn og þar er rými fyrir miðeyju. Innkeyrslur frá vegkaflanum eru afmarkaðar og þrengdar.



Sunnutún, tenging að lægi Grímseyjarferju

Sunnutún og Martröð eru í umsjá Vegagerðarinnar sem leiðin að lægi Grímseyjarferju. Hér þarf að víkka vegamótin og koma fyrir dropa. Botnlanganum á móti Sunnutúni þarf að loka þar sem krossvegamót (óljósastýrð) eru varhugaverð. Tengingar bæjarins við þjóðveg yrðu þá um Skíðabraut og Kirkjuveg. Á milli þeirra eru innan við 500 m.

Aðstæður í dag eru þannig að Martröð er ekki eiginlegur vegur heldur er upplifunin sú að verið sér að aka á athafnasvæði. Afmarka þarf veginn. Færa þarf leiðarvísa varðandi ferju frá Karlsrauðatorgi að Sunnutúni.





Kröpp beygja á þjóðvegi við Grundargötu

Fyrir veg með hönnunarhraðann 50 km/klst er lágmarksradíus beygja 76 m. Beygja við vegamót Grundargötu er mun krappari en það. Í tillögunni hér til hliðar er vegurinn lagður með rúmlega 70 m radíus. Samkvæmt þessari tillögu þarf húsið Skíðabraut 2 að víkja.

Framan við Hafnarbraut 26 er sett þrenging og bílastæði afmörkuð.

Á gangbrautina við Mímisveg er sett miðeyja.

Á Grundargötu er leyfilegur hámarkshraði 30 km/klst. Mælt er með að útbúin verði svo kölluð 30 km hlið þar sem vakin er sérstök athygli á breytingu á hámarkshraða.

Sérstaklega er mælt með útfærslu

Reykjavíkurborgar. Á milli Grundargötu og

Mímisgötu má gera ráð fyrir fjórum bílastæðum langsum eftir veginum þó ekki sé mælt með slíkum lausnum.



Aðkoma úr suðri

Frá Svarfaðardalsvegi í átt að þéttbýlinu á Dalvík eru 5 tengingar á innan við 500 m kafla. Þar með talin er tenging að fyrirhuguðu Bakkabræðrasetri. Því liggur ekki ljóst fyrir hvar æskilegast er að setja upp þéttbýlishlið. Líklega er best að setja hliðið sunnan við bensínstöð því þar verður greinileg breyting á umhverfi ökumanns sem ekur inn í þéttbýlið. Með frekari uppbyggingu sunnar má færa skiltin og nýta eyjuna sem miðeyju í gangbraut ef á þarf að halda.

Færa þarf innkeyrslu að Vegamótum af Skíðabraut á hliðarveg.





Vegamót Svarfaðardalsveg

Umferð um vegamótin er orðin það mikil (sjá kafla um umferð) að æskilegt er að setja dropa og bungu á vegamótin en það eykur bæði afköst og öryggi. Vegamótin eru upplýst og því hægt að nýta staðlaða lausn sem hefur reynst vel. Gæta þarf að hafa vegfláa við vegamótin ekki brattari en 1:3. Með því móti er minni hættu á bílveltum við útafakstur og minni hættu er á snjósöfnun á veginum í skafrenningi.



EBH í ágúst 2012.



Fylgiskjal 2 Bréf til hagsmunaaðila

systems
One

Frá: Valur Þór Hilmarsson Sent: 1.10.2015 12:44:15

Til: kristjanolafsson@simnet.is; stefangardar@gmail.com; barnaogunglingarad@gmail.com; Gísli Bjarnason; vhagg@simnet.is; skidavik@skidavik.is; snator01@gmail.com; karie@simnet.is; dalbaer1@simnet.is

CC: Börkur Þór Ottósson; Helga Íris Ingólfssdóttir; Guðrún Anna Óskardóttir

ÖCC:

Efnir: Umferðaröryggisáætlun - Samráðsfundur

Vahengi:

Ágæti viðtakandi, verkefnastjórn um Umferðaröryggisáætlun fyrir Dalvíkurbyggð boðar forsvarsaðila íþróttafélaga, skóla og fulltrúa eldri borgara á samráðsfund á mánudaginn 5. okt. kl. 14:30 - 16, um umferðaröryggi íðkenda hjá félögunum. Tekið verður fyrir aðkoma að íþróttaaðstöðu og skóla (göngu og akstursleiðir) merkingar og hugsanlegar úrbætur. Einnig verður farið yfir gönguleiðir úttíð Dalbæ.

Fundurinn er undanfarið íbúafundar sem haldinn verður 15. Október n.k. óskað er eftir því að fundarmenn verði með markvissar spurningar og tillögur einsog hægt er.

Ef viðtakandi getur ekki komið á fundinn þá vinsamlegast reynið að fá einhvern annan til að mæta því það er mikilvægt að fá sem flest sjónarhorn í svona vinnu.

Með kveðju

Valur Þór Hilmarsson

Umhverfisstjórn, Dalvíkurbyggðar

Sími: 844 0220



Fylgiskjal 3. Íbúafundur vegna umferðaröryggisáætlunar Dalvíkurbyggðar 15. október 2015

Snjómokstur

Skólar

Mokstur á þeim tíma sem börn eru á leið í skóla

- byrja mokstur fyrr á helstu gönguleiðum
- hætta mokstri í c.a. 20 mín. á meðan börnin eru á leið í skólann

Almennt

Ekki hlaða upp snjó á götuhornum sem hindra sjónlínu inni götur sem ekið eru inni.

Mikilvægt að sandbera fyrr á deginum.

- Gönguleiðir að skóla
- Við hesthúsin

Moka krpa af götum áður en frystir.

Mimisvegur

- Ekki safna snjó á gangstétt milli Hjarðarslóðar og Svarfaðarbrautar í þetta er helsta gönguleið barna úr Hjarðarslóð að merktri gangbraut við Svarfaðarbraut.

Sveitin

- Mokað er fyrir heimkeyrslur þannig að skólabíll getur ekki keyrt inn á þær til að skila börnum af sér.
- Skafl sem myndast norðan Árgerði er oft eina haftið fram í sveit.

Mokstur við hesthús

- Nota blásara til að moka brunahringinn við hesthúsin svo myndist ekki ruðningar sem skefur af

Árskógsandur

- Færa biðskýli niðurfyrir hornið á Öldugötu, á Árskógsstrandarveg, og gera útskot fyrir skólabílinn.
- Setja biðskýli við vegamót Þjóðvegur og Árskógsstrandarveg fyrir Strætó farþega.

Hauganes

- Vegurinn að Hauganesi er oft auður nema það myndast skafl við Lyngholt í oft sleppt að moka niður að Hauganesi þar sem vegurinn virðist auður séð frá Þjóðvegi.
- Hætt verði snjósofnun inná leiksvæði á Hauganesi, snjónum ýtt í norður framaf veginum.

Merkingar og hraðahindranir

Merkingar

Lækka hámarkshraða í gegnum bæinn niður í 30 einsog er gert á Siglufirði.

Setja slá framan við gagnbraut við Klemmuna

Setja þrengingu á veginn báðu megin við innkomuna á Dalvík og ljós sem sýnir broskall þegar viðkomandi er á réttum hraða.

Sett verði upp leiðbeinandi skilti sem sýnir hver æskilegur hraði ætti að vera í götum.

Víða vantar merkingar við skóla/leikskóla. Svona merkingar um að börn séu á ferð.



Hraðahindranir

Settar verði þrengingar í stað hefðbundinna hraðahindrana.

Breyttur hugsunarháttur og meiri fræðsla

Gangandi og hjólandi vegfarendur í forgang. Bíllinn á ekki að ganga fyrir. Viðhorfsbreyting og breyttur hugsunarháttur.

- Dæmi: Bílum lagt upp á gangstéttar og teppa þannig umferð gangandi og skapa óþarfa hættu.
- Ekki er aukin hættu af því að leggja bílum í götukanti, enda flestar götur á Dalvík breiðar og nóg pláss.

Hvetja til meiri notkunar á endurskinsmerkjum, líka hjá fullorðnum.

Hvetja til minni bílanotkunar. Hjólandi umferð á að vera á réttum götuhelmingi. Allt of algengt að fólk hjóli á móti umferð.

Gangbrautir, gönguleiðir og lýsing

Gönguleiðir

Göngustíga á að leggja eins og fólk gengur, s.s. styðstu leið. Annars eru þeir óþarfir.

Böggvisstaðahringur/vegur að Hringsholti:

- Göngustígur og reiðstígur fram að Hringsholti. Mikil blönduð umferð á þessum vegi.
- Göngustígur frá Olís að afleggjara í Böggvisstaði. Böggvisstaðahringurinn gerður að góðri og öruggri gönguleið. Malbik og lýsing.
- Skortir upp á samráð milli hagsmunaaðila og sveitarfélags við gerð reiðleiða.
- Lækka hámarkshraða á leiðinni fram í Hringsholt, mikil og blönduð umferð á þessari leið.
- Setja upp skilti á leiðinni fram í Hringsholt sem minnir á umferð gangandi, hjólandi og ríðandi.

Stígur og lýsing meðfram þjóðvegi í norðurátt að Hóli.

Það mætti vera stígur hringinn í sveitinni, td. með brú yfir í Hánefsstaðareit.

Gangbrautir

Almennt vantar gangbrautarmerkingar við gangbrautir, bæði á Dalvík og inni á Strönd.

Gangstéttar oft ekki kláraðar, enda oft snögglega án þess að nokkuð taki við nema gatan. Á nokkrum stöðum liggja gangstéttar að gatnamótum en svo er engin gangstétt þegar komið er yfir.

- Gangbraut yfir Karlsrauðatorg er á skritum stað, færa hana að gatnamótum við Brimnesbraut.
- Gatnamótin Karlsrauðatorg og Gunnarsbraut, hættuleg gatnamót sem þarf að skoða m.t.t. umferðaröryggis. Gangbraut og gangstétt passa ekki saman og þarf að laga.
- Laga horn á gatna mótum Hólavegar og Svarfaðarbrautar, gangstétt liggur skringilega að gangbraut yfir götuna og þarf að breikka.
- Fleiri gangbrautir vantar yfir umferðarþungar götur eins og Böggvisbraut og Hafnarbraut. Yfir Böggvisbraut frá Sunnutúni, við gatnamót Mímisvegar og við gatnamót Hólavegar.
- Gangstétt vantar við Aðalgötu á Hauganesi þar sem biðskýlið er.



Lýsing

Mímisvegur og Böggvisbraut eru mjög dimmar götur. Endurnýja þarf lýsingu, kannski lækka staura og hafa styttra á milli þeirra.

Gangbrautir yfir Mímisveg skortir skilti og lýsingu. Upplýst skilti?

Lýsing meðfram vegi upp í Skíðaskála og stígur uppeftir.

*Dalvíkurbyggð fékk hrós fyrir átak í því að auðvelda aðgengi upp og niður af gangstéttum undanfarið. Þarf samt að klára á fleiri stöðum, nóg óunnið.

Dreifbýli

Umferð hjólréiða er að aukast

- Hjólréiðastígur frá Dalvík að hesthúsi.
- Jafnvel að tengja hjóla/göngustíg þaðan upp í Böggvisstaðafjall.

Umferð hjólréiða er líka að aukast utan við bæinn og þarf að gera hjólréiðastíg frá Dalvík að Hóli.

Bæta aðgengi að útivistarsvæðum eins og Hánefsstaðareit

- Þannig að það sé hægt að ganga þangað eða hjóla með góðum hætti

Bæta aðgengi frá Árskógsandi að Árskógarskóla

- Frá verkstæðinu að skólanum fyrir gangandi/hjólandi
- Flest börn á Árskógsandi ganga meðfram þjóðveginum á leið sinni í skólabílinn, engar merkingar eru fyrir hendi
- Var búið að gera gönguleiðakort í Árskógarskóla?

Gangbrautir málaðar en hvergi eru merkingar um þær

Lagfæring á veginum

- Vegkantur frá Árgerði að Hrafnstöðum, holur í kantinum sem ítrekað er búið að benda vegagerðinni á.
- Árgerðis-beygjan er haft.
- Malbika fram að Klaufabrekkum

Vindmælir við Krossa í milli Krossa og Hámundastaða

Þorvaldsdalurinn er ófær í var farið í einhverjar Álagfæringar en þær gerðu veginn bara verri.

Merkja reiðleið í gegnum Bögg svo hægt sé að nýta gömlu reiðleiðirnar og þar með að opna leiðina fram á Böggvisstaðadal án þess að þurfa að vera á þjóðveginum.

Bæta reiðleið frá Böggvisstöðum að hesthúsum

- Það er enginn stígur og menn eru því í mikilli hættu á þjóðveginum.

Bæta aðgengi að sandinum

- Líka fyrir hestamenn
- Hreinsa gömlu vegslóðina bak við ruslahaugana í meðfram ánni.
- Aðgengi að fjörunni neðan við Sandskeið er mjög erfitt í þarf að fara yfir grjótgardinn



Einhverjar vangaveltur með veginn frá Böggvisstöðum að Dalvík í

- Menn vildu ýmist gera hann betri eða fjarlægja hann og gera að göngustíg.

Umferðahraðinn við hesthúsin er allt of mikill og í raun ótrúlegt að ekki hafi orðið stórslys.

Í hesthúsunum er ferðapjónusta þar sem farið er með túrista á hestbak í þurfa alltaf að fara yfir þjóveg til að komast upp í fjall í og þar eru engar merkingar um að bílar eigi að hæga á sér eða taka tillit. Þetta á auðvitað við um alla ríðandi umferð upp í fjall.

Huga betur að merktum hjólreiðaleiðum um sveitarfélagið í við erum með stefnu: heilsueflandi Dalvíkurbyggð

Lýsa upp gönguleiðir



Fylgiskjal 4. Könnun á gönguleiðum skólabarna

Könnun meðal nemenda í grunnskóla um ferðavenjur 2017
Vegna umferðaröryggisætlun fyrir Dalvíkurbyggð

Hvernig ferð þú í skólann?

A___ Gangandi/hjólandi

B___ Með skólabíl

C___ Fæ far með foreldri/öðrum

Annað?

EF A - Hvernig finnst þér götu- og gangstéttalýsing á leið í skólann?

___ Góð

___ Viðunandi

___ Slæm

Athugasemd

EF A - Hvað finnst þér um ástand gangbrauta og göngustíga á leið í skólann?

___ Góð

___ Viðunandi

___ Slæm

Athugasemd

Hvað finnst þér um lýsingu á skólalóð?

___ Góð

___ Viðunandi

___ Slæm

Athugasemd



Merktu inn á kortið með rauðum tússlit, hvaða leið þú gengur/hjólar í skólann.








Fylgiskjal 5. Samantekt á könnun í grunnskóla Dalvíkur

Könnun í Grunnskóla Dalvíkur, samantekt.


Könnun var gerð á ferðamáta grunnskólabarna í þremur bekkjum í Grunnskóla Dalvíkur, ætlunin var að fá mynd af því hvernig þau koma sér til og frá skóla og hvar söfnunarsvæði eru þegar nær dregur skólanum. Athygli vekur að þegar könnunin er gerð þá fara 50% 2. bekkingar gangandi / hjólandi í skólann og milli 60 í 70% 7. og 10. bekkinga nota sama ferðamáta. Þar sem könnun var gerð fyrir snjó á má leiða að því líkum að fleiri hafi notað þennan ferðamáta en þegar færð spillist vegna snjó. En vísbendingarnar ættu að vera marktækar um að stór hópur barna kemur sér sjálft í skóla og ætti að taka tillit til þess með umferðastýringu t.d. með tilliti til mokstur gönguleiða og hraðaminkandi aðgerða bílaumferðar.







Söfnunarsvæði göngu og hjólaleiða:



Skýringar:

- Rautt: söfnunarsvæði þar sem um 90-95% gangandi / hjólandi koma saman á Mímisvegi
- Gult: Söfnunarsvæði þar sem gangandi / hjólandi koma saman á Svarfaðarbraut, Goðabráut og Mímisvegi.
- Blátt: Gangandi / hjólandi koma inn á söfnunarsvæði úr fjärsvæðum.